

Merking sekkja skal teljast gild þó lágmarkshráprótein í eftirlitssýnum reynist allt að 0.5% undir lágmarkstölu A eða B flokks.

4. Til að auðvelda þessa merkingu skal taka framleiðslusýni reglulega, hraða próteinákvörðun og tilkynna framleiðendum niðurstöður strax.

Að öllum efnagreiningum loknum og útreiknum fóðurgildis birtir FR niðurstöðurnar í Frey, ásamt sekkjanúmerum þeim, sem á bak við hvert framleiðslusýni eru, svo notandi fóðursins hafi aðgang að alhliða upplýsingum um það. Sama birtingarregla á við um annað kjarnfóður, sem fóðureftirlitið efnagreinir.

Með breytingu þessari er úr gildi numið fylgirit III reglugerðar nr. 187 24. maí 1974.

Landbúnaðarráðuneytið, 20. júní 1979.

Steingrímur Hermannsson.

Haukur Jörundarson.

AUGLÝSING

um smásöluálagningu á bóluefni og sermi.

Frá og með 1. júlí 1979 skal smásöluálagning á bóluefni og sermi til dýralækninga framleitt af Tilraunastöð Háskólans í meinafræði að Keldum vera 25%. Óheimilt er að taka afhendingargjald fyrir þessi lyf.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 27. júní 1979.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Ragnheiður E. Þórðardóttir.